



Minnisblað

Fundur með forsætisráðherra 10. janúar 2019.

Í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að Ísland eigi að vera land tækifæranna fyrir alla. „Til að svo megi verða þarf að styrkja sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Gerð verður úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna í íslensku samfélagi, tillögur til úrbóta settar fram og þeim fylgt eftir. Sérstaklega þarf að huga að stöðu barna sem búa við fátækt en þau eru einn af viðkvæmstu hópum samfélagsins.“


Ekkert svar hefur fengist við fyrirspurn ÖBÍ um stöðuna á þessu verkefni sú fyrirspurn er hér með ítrekuð.

- I. Fjárlagafrumvarp 2019
- II. Frumvarp um fyrirhugaðar breytingar á almannatryggingarkerfinu.
- III. Vinnumarkaðurinn og fatlað fólk
- IV. Krónu á móti krónu skerðing.
- V. Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks.

I. Fjárlagafrumvarp 2019


Fjárlagafrumvarp 2019 urðu ÖBÍ vonbrigði. Ljóst er nú þegar að hefðbundin hækkun örorkulífeyris um 3,6% mun ekki auka hag örorkulífeyrisþega, vegna þeirra hækkana sem orðnar eru og verða í þjóðfélaginu á þessu ári. Örorkulífeyrir hefur ekki hækkað umfram lögboðnar prósentuhækkanir og var ekki hækkaðar eins og atvinnuleysisbætur á síðasta ári. Því eru atvinnuleysisbætur ríflega 30.000 kr. hærri en örorkulífeyrir í dag en hafa lengi vel verið aðeins lægri. Í því tilliti bendum við á að atvinnuleysi er tímabundið ástand meðan örorka er varanlegt ástand og örorkulífeyrir því til lífstíðar. Kjör öryrkja verður að leiðrétta. Öryrkjabandalag Íslands fagnar hækkun atvinnuleysisbóta en saknar þess þó og þykir ámælisvert að hækkanir atvinnuleysisbóta og lífeyris almannatrygginga fylgjast ekki að líkt og venja er. Þá er það umhugsunarvert á hvaða vegferð ríkisstjórnin er, þegar svo augljóslega og freklega er gengið fram hjá lífeyrisþegum almannatrygginga.

Krónutöluhækkunar frá 2009-2017 - upphæðir á mánuði fyrir skatt.



Hækkun í krónum 2009-2017. Myndin sýnir að örorkulífeyrir og heildarlaun öryrkja hafa ekki lotið sömu forsendum og fjárlög um almenna þróun launa og verðlags á tímabilinu.

Upphæðir atvinnuleysisbóta og óskerts örorkulífeyris frá 1.1. 2013 til 1.5.2018



Síðasta súlan sýnir fjárhæðir á mánuði eftir hækkun atvinnuleysisbóta 1.5. 2018.

Atvinnuleysisbætur eru í dag (okt. 2018) 31.406 kr. hærri en óskertur lífeyrir almannatrygginga. Atvinnuleysisbætur hækkuðu 1. maí sl. úr 227.417 í 270.000 eða um 42.583 krónur (19%). Við það varð sú breyting að í fyrsta sinn, a.m.k. í langan tíma, eru atvinnuleysisbætur hærri en lífeyrir almannatrygginga. Er þá ekki verið að horfa til tekjutengdu atvinnuleysisbótanna sem hækkuðu mun meira þann 1. maí sl. eða úr 358.516 í 425.647 eða um 67.131 krónu (19%).

II. Frumvarp um fyrirhugaðar breytingar á almannatryggingarkerfinu.

Leggja verður ríka áherslu á að fyrirhugaðar kerfisbreytingar á almannatryggingum, hvort heldur er varðar framfærsluna eða hvernig óvinnufærni/starfsgeta er metin, verði unnar í sátt og samvinnu við fatlað fólk og þeirra hagsmunasamtök og fái tíma til að þróast. Tryggt verði að breytingar á almannatryggingakerfinu verði til hagsbóta fyrir örorkulífeyrisþega þannig að á innleiðingatímanum verði hægt að bregðast við og leiðréttu stöðu örorkulífeyrisþega sem hugsanlega verða fyrir miska vegna upptöku breytts almannatryggingakerfis.

Mjög brýnt er að draga úr tekjutengingum, sem halda örorkulífeyrisþegum í fátæktargildrum. Kerfisbreytingar eru ekki forsenda fyrir því að taka út krónu á móti krónu skerðingu sem allir þingmenn eru sammála um að afnema.

III. Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks.

Með fullgildingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks skuldbinda ríkin til sig til að vinna að inngildum vinnumarkaði (inclusive employment market) fyrir alla. Réttur skilningur á fötlun er þar lykilatriði. Með mannréttindaskilningi á fötlun er átt við í fyrsta lagi að margbreytileikinn er hið eðlilega form mannglegrar tilvistar og að samfélaginu beri að gera ráð fyrir margbreytileikanum og laga sig að honum. Í honum felst þar með að spurningin um hvort einstaklingur sé haldinn einhverri skerðingu verður í aukaatriði, spurningin er hvað samfélagið getur gert til þess að laga sig að öllum einstaklingum.

Þetta sést hvergi betur en þegar rætt er um atvinnumál fatlaðs fólks. Ljóst er að atvinnuþátttaka einstaklinga með skerðingar, mögulega vegna veikinda er minni en annarra. Þar þarf samfélagið allt að vinna að breytingum, hinn opinberri og almenni vinnumarkaður. Til að tryggja atvinnuþátttöku allra, á grundvelli jafnræðis.

Aðildarríki samningsins verða þar með að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til þess að þetta getur orðið raunin. Ríki verða t.d. að tryggja aðlögun vinnumarkaðarins að margbreytileikanum til að ná hinu endanlega markmiði. Það er grundvallaskylda hvers ríkis að tryggja, að lágmarki, viðeigandi aðlögun um leið og það gerist aðili að samningnum. Nýleg lög sem banna mismunun á vinnumarkaði eru langt frá því að ná markmiðum samningsins og fela einfaldlega í sér að þessari grundvallar, tafalaus skyldu er ekki sinnt. Einnig er ljóst að skilgreiningar í þessum nýlegu lögum samræmast ekki fyllilega samningnum. Þessar skilgreiningar og hugtakaruglingur hafa meðal annars verið grunnurinn að drögum að skýrslum um breytingar á framfærslu- og starfsgetumatskerfi. Þessi staða er vandræðaleg fyrir íslenska ríkið, sem segist á sama tíma vera að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Við þeirri stöðu sem upp er kominn verður ríkið að bregðast strax. Ríkið gæti t.d. tryggt viðeigandi aðlögun á opinberum vinnumarkaði með mun ríkari hætti en nýleg löggjöf kveður á um. Ef stjórnvöld vilja í raun auka og styðja við atvinnuþátttöku fatlaðs fólks þá þurfa aðgerðir að fylgja, sem gera þeim betur kleift að fá atvinnu við hæfi og vera á

vinnumarkaði án þess að bera kostnað af atvinnuþátttöku sinni og geta aukið ráðstöfunartekjur sína með vinnuframlagi sínu.

Stofnun starfshóps um atvinnumál fatlaðs fólks verður að koma á.

Öryrkjabandalag Íslands óskar eftir því að stjórnvöld marki sér stefnu varðandi atvinnumál fatlaðs fólks. Ríki og sveitarfélög geta, í samræmi við g. lið 1. mgr. 27. gr. SRFF, ákveðið framboð af hlutastörfum fyrir fatlað fólk (í mannréttindaskilningi orðsins, sem felur m.a. í sér fólk með tímabundin veikindi og langveikt fólk). Leggjum við því til að forsætisráðherra setji saman starfshóp þar sem hagsmunasamtök fatlaðs fólks eigi m.a. sæti. Verkefni hópsins væri að marka stefnu stjórnvalda (Ríkis og sveitarfélaga) varðandi inngildan vinnumarkað, og hvernig Ísland uppfylli alþjóðlegar skyldur sínar í atvinnumálum fatlaðs fólks. Starfshópurinn skili tillögum innan 3ja mánaða.

IV. Króna á móti krónu“ skerðing.

Þessi 100% skerðing var afnumin við útreikning ellilífeyris í byrjun árs 2017. Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hafa beðið í 25 mánuði eftir afnámi þessarar fátæktargildru, sem þingmenn allra flokka eru sammála um að þurfi að fella út. Nauðsynlegt er að hefjast handa við að draga úr skerðingum og væri mikil bót að því fyrir þá örorkulífeyrisþega sem geta unnið eitthvað að í það minnsta dregið yrði verulega úr krónu á móti krónu skerðingunni.

Dæmi um „krónu á móti krónu“ skerðingu

Framfærslu-Viðmið	Atvinnutekjur	Skerðing	Staðgreiðsla	Til ráðstöfunar	Skerðing og skattur
238.594	0	0	34.242	204.354	34.242
238.594	40.000	40.000	34.242	204.354	74.242

V. Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2019 er ekki reiknað með neinu fjármagni til innleiðingar á Samingi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, inn í löggjöfina, stjórnsýsluna og samfélagið, þrátt fyrir að innleiðingarferli eigi að vera í gangi.

VI. Heilbrigðismál

Greiðsluþátttaka í heilbrigðisþjónustu

Í stjórnarsáttmála segir: „Ríkisstjórnin ætlar að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu og gera það gagnsærra og skilvirkara. Þar þarf að meta árangur núverandi kerfis með hliðsjón af veikasta fólkinu og skoða þá þætti sem eru ekki hluti af því, t.d. ferða- og

upphaldskostnað, tannlækningar og sálfræðipjónustu,“ en komið hefur í ljós að nýlegt greiðslupátttökukerfi er dýrara fyrir suma sjúklingahópa en áætlað var og þá vantar mikið upp á að hlutdeild sjúklinga sé á pari við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum.

- Í nýja kerfinu greiða lífeyrisþegar 2/3 af kostnaði almennra notenda heilbrigðisþjónustunnar, en var 30-50% í fyrra kerfi. Það er ekki í samræmi við yfirlýst markmið kerfisins að draga út kostnaði stórnotenda.
- Í fjárlagafrumvarpi 2019 hækka framlög um 400 m. kr. til að draga úr greiðslupátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Það er lítið skref í átt að markmiðinu.
- **Lagt er til að framlagið verði nýtt til að lækka hlutdeild lífeyrisþega í greiðslupátttökukerfinu úr 2/3 í 1/3 af kostnaði almennra notenda.**

Tannlæknaþjónusta

Á fjárlögum ársins 2018 var lagt til 500 m.kr framlag til að mæta kostnaði við nýjan samning um tannlæknaþjónustu við örorku- og ellilífeyrisþega, en gjaldskrá endurgreiðslu hafði ekki hækkað frá árinu 2014. Gert var ráð fyrir að samningurinn myndi taka gildi um mitt árið en að kostnaður við að uppfylla hann yrði 1. ma. kr. á ári. Nýr samningur tók gildi 1. september 2018, en þá var ljóst að áætlaður kostnaður hafði verið mjög vanreiknaður og endurgreiðslur ná ekki 75% af gjaldskrá samningsins, heldur aðeins 50%. Það vantar hátt í 1. ma. kr. á ári til að fullfjármagna samninginn. Í bókun áskilur Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) sér rétt að rifta samningnum hafi greiðslupátttaka Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) ekki verið augin í 75% af gjaldskrá samningsins fyrir 1. september 2019. Því vekur það ugg að ekki eru skýr merki um frekari hækkun í fjárlagafrumvarpi 2019 miðað við fyrri áætlanir. Framlög til málaflokksins hækka um 500 m.kr., en hefðu þurft að hækka um 800 m.kr. á árinu, miðað við fulla fjármögnun frá 1. september.

Af ofangreindu er ljóst að fjárpörf er langt umfram það fjármagn sem áætlað er að setja í þá málaflokka sem snerta örorkulífeyrisþega og fatlað fólk. Þeir málaflokkar hafa verið sveltir frá því í hruninu og verulega gengið á kjör þess fólks sem þarf að reiða sig á framfærslu frá TR. Er það tilmæli Öryrkjabandalags Íslands að stjórnvöld bæti þessum þjóðfélagshópi upp þá kjaraskerðingu sem hann hefur orðið fyrir á undanförunum áratugi, örorkulífeyrir ætti aldrei að vera lægri en lágmarkslaun.

Með vinsemi og virðingu


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ

Ekkert um okkur án okkar!